

**Sp.**

**759. Fyrirspurn**

[446. mál]

til fjármálaráðherra um fjárhagsstuðning við Kvennaathvarfið í Reykjavík.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Eiði Guðnasyni.

1. Hefur fjármálaráðherra kynnt sér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins í Reykjavík?
2. Telur fjármálaráðherra koma til greina að ríkissjóður veiti Kvennaathvarfinu sérstakan stuðning til þess að tryggja áframhaldandi þjónustu þess? Ef svo væri, með hvaða hætti yrði það þá gert?